

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Örn Sigurðsson,
skrifstofustjóri
Borgartúni 10 - 12
105 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 14. ágúst 2014
Tilvísun: UST20140700111/ksj

**Lýsing. Tillaga að breytingu aðalskipulags Reykjavíkur 2010 - 2030, Vogabyggð.
Tillaga að breyttu byggingarmagni, skilgreining svæðis fyrir samfélagsþjónustu og
breytt lega stíga.**

Vísað er til erindis umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur er barst 14. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar um lýsingu tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur er varðar Vogabyggð. Eftirtalin atriði verða tekin til skoðunar í væntanlegri breytingartillögu: Fjöldi íbúða á reit nr. 37, þ.e. fjölgun íbúða, magn atvinnuhúsnaðis, skilgreining svæðis fyrir samfélagsþjónustu þ.e. fyrir leik- og grunnskóla og lega samgöngutenginga.

Forsendur við gerð breytingar, umhverfisáhrif og samræmi við markmið aðalskipulags Reykjavíkur 2010 - 2030.

Í ofangreindum kafla er fjallað um að í breytingartillögu verði metin áhrif aukinnar stígtenginga á náttúru- og útvistarsvæði, einkum Háubakka og útvistarsvæði við Naustavog. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við áætlanir framkvæmda á reit 37 verði ávallt fullt tillit tekið til friðlýsta svæðisins Háubakka. Friðlýsta svæðið er 2 ha, en Háubakkar voru friðlýstir sem náttúrvætti árið 1983 og hefur umgengni ekki alltaf verið góð á svæðinu. Umhverfisstofnun bindur vonir við að nú með breyttum áherslum á nærliggjandi svæðum verði umgengni á svæðinu önnur en verið hefur. Um náttúrvættið gilda reglur sem sjá má á heimasíðu stofnunarinnar. Umhverfisstofnun minnir á að hverskonar mannvirkjagerð eða jarðrask sem breytt getur útliti eða eðli svæðisins er óheimilt nema til komi leyfi Umhverfisstofnunar.

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S. Jónsdóttir
Virðingarfyllst

Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson
Sérfræðingur